

Frakkland: Marine Le Pen er öflugasti andstæðingur forsetans og sósíalista

Eftir

Tæpur helmingur Frakka (46%) telur að Marine Le Pen, leiðtogi Þjóðfylkingarinnar, yrði best til að leiða andstöðu við François Hollande Frakklandsforseta og Jean-Marc Ayrault, forsætisráðherra sósíalista.

Þetta kemur fram í könnun sem CSA gerði fyrir sjónvarpsstöðina BFMTV á netinu 15. og 16. október 2013 og birt var miðvikudaginn 16. október en alls tóku 957 manns þátt í henni.

Marine Le Pen hefur ótvíræða forystu sem frambjóðandi gegn forystumönnum franskra sósíalista. Næstur henni með 18% er François Fillon, fyrrverandi forsætisráðherra, úr UMP-flokknum (mið-hægri), 13% fær Jean-Luc Mélenchon til vinstri við sósíalista, og þá 13% Jean-François Copé formaður UMP. Samtals fá flokksbræðurnir Fillon og Copé ekki nema 31%.

Þegar kemur að fylgi innan fylkinga vekur ekki sérstaka undrun að meðal vinstri manna fær Jean-Luc Mélenchon 29% en François Fillon 22%. Marine Le Pen og Jean-François Copé eru jöfn með 19%. Meðal stuðningsmanna Þjóðfylkingarinnar nýtur Marine Le Pen 93% stuðnings.

Það sem vekur undrun er að á hægri væng stjórnmalanna (utan Þjóðfylkingarinnar) fær Marine Le Pen 32% aðeins meira fylgi en François Fillon (31%) og Jean-François Copé flokksformaður (22%).